

## AUGLÝSING

um breytingu á starfsreglum um prestssetur og aðrar fasteignir Þjóðkirkjunnar,  
nr. 950/2009, með síðari breytingum.

1. gr.

4. mgr. 4. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Kirkjuþing ákveður hvaða fasteignir Þjóðkirkjunnar – Biskupsstofu skulu seldar og hvort Þjóðkirkjan – Biskupsstofa skuli kaupa fasteign eða ráðast í nýbyggingu. Ákveði kirkjuþing ekki annað, framfylgir kirkjuráð ákvörðun kirkjuþings samkvæmt þessari málsgrein.

2. gr.

Við 1. mgr. 14. gr. starfsreglnanna bætist nýr málslíður, svohljóðandi:

Prestur skal skila prestssetri sínu til Þjóðkirkjunnar – Biskupsstofu, eigi síðar en við starfslok, nema um annað semjist.

3. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

*Reykjavík, 11. nóvember 2020.*

**Drífa Hjartardóttir** forseti kirkjuþings.

---

B-deild – Útgáfud.: 4. desember 2020